

Mál nr. 103/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A****Ágreiningur um sök þegar ekið var á hross í Bólstaðarhlíðarbrekku hinn 22.12.2018.****Gögn.**

Málskot mótttekið 14.03.2019 ásamt fylgiskjölum 1-6.
Bréf V dags. 26.03.2019.

Málsatvik.

Hinn 22. desember 2018 varð tjón á bifreið í eigu M þegar henni var ekið á hross sem hljóp fyrir bifreiðina á hringveginum í Bólstaðarhlíðarbrekku, Húnaþingi eystra. Lögregla var kölluð á vettvang og vegna umfangsmikils tjóns á bifreiðinni þurfti að draga hana af vettvangi. Þá var hesturinn, sem reyndist fótbrotninn, aflífaður í samráði við eiganda hans. Í lögregluskýrslu kemur einnig fram að bifreiðinni hafi verið ekið á 70 – 80 km hraða á klukkustund þegar vart varð við hrossið. Ökumaður hafi þá reynt að hemla og aksturshraði bifreiðarinnar verið 50 - 60 km á klukkustund þegar hrossið lenti á henni.

M kvartar yfir því að V, sem er váttryggjandi bifreiðarinnar, telji hann bera hlutlæga bótaábyrgð á því tjóni sem varð. Máli sínu til stuðnings vísar M til 50. gr. vegalaga nr. 80/2007, og telur að lausaganga búfjár hafi verið bönnuð á slysstað, enda hafi verið girt beggja vegna vegar. Við þær aðstæður beri eigandi hrossins sönnunarbyrðina fyrir því að hann hafi ekki sýnt af sér saknæma háttsemi við vörslur þess. Þá áréttar M að ökumaður bifreiðarinnar hafi ekki sýnt af sér neina þá hegðun við aksturinn sem meta megi til sakar. Því beri M ekki hlutlæga ábyrgð vegna þess tjóns sem hlaut af atvikinu.

Í bréfi sínu til nefndarinnar áréttar V að lausaganga búfjár sé ekki bönnuð í Húnaþingi eystra, hins vegar sé byggt á því í málskoti að hún sé, á grundvelli 50. gr. vegalaga, bönnuð á slysstað. Því sé V ósammála, enda geri umrædd lagagrein ráð fyrir því að lausaganga sé aðeins bönnuð ef girt er báðum megin vegar og lokað fyrir ágangi búfjár t.d. með ristarhliði. Þannig þurfi vegurinn að vera þannig úr garði gerður að búfé komist ekki að honum. Svo hafi ekki verið háttáð í þessu tilviki enda séu engin ristarhlið á umræddum vegarkafli. Því sé ekki sýnt fram á að umrædd lagagrein eigi við. Þá tekur V fram að jafnvel þó lausaganga búfjár væri óheimil á umræddu svæði þyrfti eftir sem áður að sýna fram á saknæma háttsemi eiganda við vörslur hrossins, en slík sönnun hefði ekki tekist.

Álit:

Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal sá sem ber ábyrgð á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Samkvæmt 3. mgr. sömu greinar má lækka eða fella niður bætur fyrir tjón á munum ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur að því af ásetningi eða gáleysi. Kemur þá til skoðunar hvort sýnt hafi verið fram á að eigandi hrossins hafi umrætt sinn sýnt af sér þá saknæmu háttsemi að leitt geti til brottfalls bótaréttar. Ákvæði 50. gr. vegalaga felur í sér að lausaganga búfjár á stofnvegum og tengivegum sé bönnuð þar sem girt er báðum megin og lokað er fyrir ágangi búfjár, t.d. með ristarhliði. Gegn skýru orðalagi ákvæðisins verður það ekki túlkað á annan hátt en þann að bæði þessi skilyrði þurfi að vera uppfyllt. Eins og málum háttar hér hefur ekki verið sýnt fram á að svo sé og því ósannað að lausaganga búfjár sé bönnuð þar sem umrætt atvik átti sér stað. Jafnvel þó svo væri liggur ekkert fyrir um það að eigandi umrædds hross hafi sýnt af sér gáleysi við vörslur þess, en lítið er upplýst um atvik að baki umræddu atviki.

Með hliðsjón af framansögðu verður því ekki séð að efni séu til að beita 3. mgr. 88. gr. umferðarlaga og líta verður svo á að hlutlæg ábyrgðarregla 1. mgr. eigi við.

Niðurstaða.

Kröfum M á hendur V er hafnað.

Reykjavík 30. apríl 2019

Valgeir Pálsson lögm.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.